



Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Í Hvolsskóla ganga börn úr öllu Rangárpingi eystra og því eiga mörg um langan veg að fara í skólabíl. Skólabílstjórar á hverju svæði fyrir sig bera ábyrgð á að fylgjast með veðri og færð og taka ákvörðun um hvort fært er fyrir þá í skólann. Þegar bílstjórar ákveða að fara ekki tilkynna þeir það til skólastjórnenda eins fljótt og auðið er. Tilkynning er þá sett á fésbókarsíðu Hvolsskóla og á heimasíðu skólans. Áriðandi er að foreldrar fylgist vel með á síðunum ef veður er vont, eins geta þeir aflað sér upplýsinga hjá viðkomandi skólabílstjóra.

Ef aftaka veður er á öllu skólasvæðinu munu skólastjórnendur taka ákvörðun um hvort skólahald verði eður ei. Ef ákveðið verður að fella niður skóla mun tilkynning vera sett á áðurnefndar síður sem og til fréttastofu útvarpsins (RÚV).

Foreldrar leggja einnig sjálfir mat á hvort fylgja þurfi börnum í skólann eða taka þá ákvörðun að senda ekki barn sitt í skóla vegna veðurs. Tilkynna þarf það þá til ritara eða á netfanginu forfall@hvolsskoli.is

Ef veður verður mjög slæmt á skólatíma verða foreldrar beðnir um að sækja börnin sín „heim að dyrum“. Tilkynning þess eðlis verður sett á fyrrgreindar síður en einnig sendur tölvupóstur á foreldra.

Með góðum kveðjum úr Hvolsskóla.